

Minnisblað varðandi tímagjald í NPA

Upphaflegt tímagjald í NPA var kr. 2800,- og hefur ráðuneytið birt tilmæli um hækkun í tvígang. Í fyrra skiptið var mælt til að tímagjaldi hækkaði upp í kr. 2.943,-. Hinn 28.10. 2014 birti Velferðarráðuneytið á vef sínum tilkynningu um það að Verkefnisstjórn um NPA hefði í samráði við Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga uppfært launakostnað við hverja vinnustund í kr. 3.090,- og átti hækkunin að gilda frá 1. febrúar 2014.

Í tölvupósti frá Gyðu Hjartardóttur, félagsþjónustufulltrúa hjá sambandinu, dags. 17. Des. 2014, kemur fram að fulltrúar sambandsins í verkefnisstjórn um NPA samþykktu þessa hækkun með því skilyrði að sveitarfélögunum yrði bætt að fullu þessi hækkun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það mun hins vegar ekki hafa gengið eftir.

Hækkanir þær sem ráðuneytið hefur tilkynnt um munu vera leiðbeinandi og sveitarfélögunum ekki skylt að hækka tímagjaldið.

Það er misjafnt hvernig sveitarfélögin hafa brugðist við:

Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur hækkuðu tímagjaldið upp í kr. 3.090. Mosfellsbær hefur ekkert hækkað gjaldið og er það kr. 2800,-/klst.

Garðabær hefur hækkað gjaldið einu sinni á tímabilinu og er það nú kr. 2.943. Hækki gjaldið í kr. 3.090 þ.e. um 5% hinn 1. júní nk. mun kostnaðarauki Garðabæjar vegna þess nema um kr. 1.500.000 árið 2015 (7 mánuðir).

Ákvörðun um hækkun tímagjalds er vísað til bæjarráðs Garðabæjar.

Bergljót Sigurbjörnsdóttir,
félagsmálastjóri